

Mál nr. 155/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. vatnstjónstryggingar húseigendatryggingar.

Vatnstjón í baðherbergi í fjölbýlishúsi á árinu 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.4.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V dags. 6.5.2011

Málsatvik.

Á árinu 2008 kom upp leki í íbúð M sem virtist koma úr íbúð fyrir ofan íbúð M. Brjóta þurfti upp flísalagðan vegg á baðherbergi M til að komast fyrir lekann og gera við. V hefur boðið M að láta flísaleggja vegginn sem brotinn var upp en M sættir sig ekki við það og telur nauðsynlegt að flísaleggja allt baðherbergið þar sem ekki sé hægt að fá keyptar sambærilegar flísar við þar sem nú eru á baðherberginu. V viðurkennir bótaskyldu en hafnar því að greiða fyrir meira en viðgerð á þeim vegg sem brotinn var upp. V vísar í 3.gr. skilmála vatnstjónstryggingarinnar í því sambandi og telur að bótaskylda nái ekki til annars en að bæta sannanlegar vatnsskemmdir og þá sé einungis um að ræða umræddan vegg og ekki annað. V vísar auk þess til úrskurðar Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum nr. 222/1996. Þá krefst V frávísunar málsins á grundvelli 2.mgr. 3. gr. samþykpta fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum þar sem ágreiningur í máli þessu snúist um bótafjárhæð.

Álit.

Samkvæmt 3.gr. skilmála vatnstjónstryggingar þeirrar sem hér ræðir um miðast vátryggingabætur við sannanlegar vatnsskemmdir á hinni vátryggðu húseign svo sem nánar er tilgreint í tilvitnuðu ákvæði. Ekki er ágreiningur um það í máli þessu að aðeins einn veggur varð fyrir vatnstjóni og þurfti að brjóta upp vegna vatnstjónsins. M á því ekki rétt á bótum umfram það tjón sem varð á þeim vegg sem þurfti að brjóta upp samkvæmt vátryggingaskilmálum þeim sem hér ræðir um. Ekki er fallist á að vísa eigi máli þessu frá sbr. 2.mgr. 3.gr. samþykpta fyrir Úrskurðarnefnd í Vátryggingamálum þar sem úrlausn málsins byggist á skýringu á vátryggingaskilmálum en er ekki eingöngu ágreiningur um bótafjárhæð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum en V hefur boðið þ.e. flísalögn á þeim vegg sem skemmdist úr vatnstjónstryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 24.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.